

## Síðasta ferðin – ný heimildarmynd um íslenska landnema í Kanada



Sigfús Pétursson og Guðrún Þóra Sveinsdóttir ásamt börnum sínum (í aldursröð): Salínu, Sigurborgu, Guðnýju Jóhönnu, Hildi, Franklín, Halldóru, Bergros og Sigríði. Myndin er tekin árið 1890 þegar Jón Blöndal heimsótti Íslendingabyggðina við Íslendingafljót með myndavél sína, sem þótti mikið undratól. Guðný Jóhanna, langamma Elínar Hirst, er lengst til vinstri á myndinni í efri röð. Hún var 15 ára þegar myndina var tekin.

Elín Hirst og Ragnar Santos eru nú að leggja lokahönd á heimildarmynd um landnema-fjölskyldu sem fluttist til Nýja Íslands árið 1878. Myndin verður sýnd í Sjónvarpinu um næstu Páska. Elín og Ragnar hafa ferðast um landnemaslóðir í Nýja Íslandi í Kanada við gerð myndarinnar og víða um Ísland einnig. Hún mun varpa fróðlegu ljósi á lífi þessa fólks í nýju landi við nýjar og oft erfiðar aðstæður. Eitt barna landnemanna, Guðný Jóhanna, (f. 1875 - d. 1939), var langamma Elínar Hirst.

Þess ber að geta að ættingjar Elínar frá Vernon í Bresku-Kólumbíu hafa tekið þátt í Snorraverkefninu. Colleen Howard Waldegger í Snorraverkefninu árið 2001 og foreldrar hennar, Billie-Ann og Brian Howard árið 2005 í Snorra-plús verkefninu. Systir Billie-Ann, Vicky Teather og maður hennar George frá Ottawa, komu einnig.

\*\*\*

### [Snorraverkefnið. - Umsóknarfrestir 2010](#)

**Snorraverkefnið** 7. janúar n.k.

Dagsetningar: 12. júní – 23. júlí, 2010

**Snorri Plus** 29. janúar, 2010 n.k.

Dagsetningar: 18. ágúst – 1. september, 2010.

- [www.snorri.is](http://www.snorri.is) -

**Snorri West** (18 – 25 ára Íslendingar).  
upp úr miðjum mars á næsta ári.

Upplýsingar á [www.snorriwest.ca](http://www.snorriwest.ca)

Verkefni ársins 2009 gengu öll mjög vel

\*\*\*

## VESTURSTRÖND – SUMAR 2010

Dagana 6. – 18. júlí verður ferð um vestur-strönd Norður-Ameríku. Flogið er beint til Seattle. Sjá nánar á vefsíðunni [www.vesturheimur.com](http://www.vesturheimur.com) Upplýsingar hjá Jónasi Þór í gegnum netfangið [jonas.thor1@gmail.com](mailto:jonas.thor1@gmail.com) og í síma 861-1046 (09:00-16:00)



## KANADAFERÐ – HAUST Í NÝJA

### SKOTLANDI

9. – 16. SEPTEMBER, 2010

GIST Á SAMA HÓTELI Í HALIFAX  
SJÖ NÆTUR  
Atlantica Hotel



INNIFALIÐ: Flug, gisting, morgunverður, allur akstur, skoðunarferðir, aðgangur að söfnum og þjóðgörðum, hádegisverður í skoðunarferðum og fararstjórn.

Upplýsingar hjá Jónasi Þór í gegnum netfangið [jonas.thor1@gmail.com](mailto:jonas.thor1@gmail.com) og í síma 861-1046 (09:00-16:00)

\*\*\*